



Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs.
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 27. október 2017
Tilv.: FOR17100043/9.1.6

Forsætisráðuneytið vísar til tölvupósts skipulags- og byggingafulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 11. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins við heildarendurskoðun á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Ráðuneytið gerir eftirfarandi athugasemdir við heildarendurskoðun skipulagsins:

Á bls. 27 er stillt upp helstu veikleikum ferðaðþjónustu í sveitarfélaginu og tekið fram að hálendið sé vannýtt og Þjóðveldisbærinn líflítill.

Spyrja má hvort það sé veikleiki að hálendið sé vannýtt. Þá kemur fram að byggja þurfi upp gestamiðstöð í Þjórsárdal. Þeirri framkvæmd er lokið og á því ekki við.

Á bls. 43 er fjallað um ferðaðþjónustu í Þjórsárdal. Þar segir m.a. gert sé ráð fyrir að byggð verði upp alhliða þjónustu- og upplýsingamiðstöð fyrir Þjórsárdal með gistingu, veitingasölu, verslun og öflugt tjaldsvæði ásamt upplýsingagjöf. Þá er gert ráð fyrir að byggð verði upp gisting í húsum og veitingasala.

Lítið er fjallað um uppbyggingaráform á svæðinu í skjalinu og ekkert minnst á fyrirætlanir sveitarfélagsins við gömlu laugina í Þjórsárdal. Gera þarf betur grein fyrir þeirri uppbyggingu í endurskoðun aðalskipulagsins.

Á bls. 50 er fjallað um efnistökusvæði. Ráðuneytið minnir á að nýting á námum og öðrum jarðefnum er háð leyfi ráðherra skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 58/1998.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurður Örn Guðleifsson


Regína Sigurðardóttir